

UMSÖGN UM TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Vinstri grænna (US220160)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. júní sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Vinstri grænna:

Lagt er til að Reykjavíkurborg nái samkomulagi við Vegagerðina um að hefja framkvæmdir við stofngötur og gatnamót í Reykjavík um að endurhanna þær sem borgargötur með fleiri þverunum þar sem fjölbreyttir og vistvænir ferðamátar fá enn meira rými. Götur sem kæmu til greina (ekki tæmandi listi) eru Miklabraut, Hringbraut, Kringlumýrarbraut, Sæbraut og Breiðholtsbraut. Markmiðið með því að breyta stofnbrautum og gatnamótum í fallegar og vistvænar borgargötur er að auka öryggi vistvænna og fjölbreyttra ferðamáta og að ná enn hraðar markmiðum Reykjavíkur um kolefnishlutleysi borgarinnar. Til þess þarf m.a. að draga úr eignum kílómetrum og breyta ferðavenjum fólks. Þá þarf að rýna verkefni annarra borga sem hefur tekist vel til að breyta umferðarpungum æðum um borgina í fallegt, heilsusamlegt og nærandi ferðaumhverfi.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 10. ágúst 2022.

Umsögn:

Tillagan snýr að því að ná samkomulagi við Vegagerðina um að hefja framkvæmdir við gagngerar breytingar á þjóðvegum í þéttbýli. Verkefni tillögunnar rúmast að einhverju leiti innan núverandi verkefna skrifstofunnar, en nú þegar eru fjöldi verkefna í undirbúningi með Vegagerðinni á stofnbrautum borgarinnar. Sum þeirra eru til þess fallin að stuðla að breyttum ferðavenjum. Verkefnin tengjast umferðaröryggisaðgerðum, hjólréiðaáætlun og samgöngusáttmálanum þar með talið borgarlínu. Sum verkefnanna eru smærri og mjög staðbundin, eins og lagfæring göngupverana, á meðan önnur eru mjög viðamikil eins og t.d. undirbúningur borgarlínu og stokka á Miklubraut og Sæbraut. Í öllum verkefnum er litið til þess að bæta aðstæður og öryggi vistvænna ferðamáta. Vegagerðin og Reykjavíkurborg hafa í nokkurn tíma boðað að farið verði í endurskoðun á vestasta hluta Hringbrautar. Vonir standa til að hugmynda vinna slíks verkefnis fari af stað í vetur.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri